

**Nd.**

## **245. Frumvarp til laga**

um gelding húsdýra.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

### **1. gr.**

Gelding húsdýra, sem eldri eru en veturgömul, skal framkvæmd af dýra-læknum eða sérstökum geldingamönnum, sem með vottorði frá héraðslækni eða dýralækni sanna, að þeir hafi lært að fara með staðdeyfingarlyf og aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem nauðsynleg er til að inna verkið vel af hendi.

### **2. gr.**

Sýslunefndir sjá um, að nægilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu og setur þeim skipunarbréf, er gefur rétt til starfa innan sýslu, en eigi annarsstaðar.

### **3. gr.**

Þóknun fyrir verk sitt ber geldingamönnum samkvæmt gjaldskrá, er sýslunefndir setja hver fyrir sína sýslu.

### **4. gr.**

Húsdýr þau, er um getur í 1. gr., skal staðdeyfa áður en gelding fer fram. Til geldingar á yngri húsdýrum skal nota Burdizzo geldingatöng eða aðrar tengur af eigi lakari gerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sölu og afhending deyfingarlyfja og sér um, að ávallt séu nægar birgðir af þeim. Einnig af deyfingarsprautum og geldingatöngum.

### **5. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Fyrir tilmæli Dýraverndunarfélags Íslands hefir á nokkrum undanfarandi þingum verið borið fram frumvarp til laga um sama málefni, en jafnan dagað uppi, m. a. vegna þess, að litið hefir verið svo á, að ýms vandkvæði væru á framkvæmd lagaákvæðanna, sérstaklega með tilliti til þess kostnaðar, sem svæfing eða staðdeyfing allra húsdýra, sem gelda þarf, mundi hafa í för með sér.

Á seinni árum hafa geldingar með töngum rutt sér mjög til rúms, sérstaklega á sauðfé, og hér á landi er nú á stöku stað farið að nota þær.

Þær tengur, sem hingað hafa flutzt, eru kenndar við Dr. Burdizzo og hafa líkað mjög vel. Oss er kunnugt um, að tengur þessar hafa verið notaðar hér á landi bæði við sauðfé og stórgripi, og með ágætum árangri. Auk þess mun geldingin mjög sársaukalítill.